

Fundargerð 150. fundur í stjórn Fræðslusjóðs

Haldinn þriðjudaginn 2. júní 2026 kl. 10:00 - 13:00

**Fundurinn var haldinn hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins,
Skiopholti 50b, 105 Reykjavík**

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins, Hulda Birna Baldursdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem, Eyrún Björk Valsdóttir.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Aukaúthlutun 60 milljónir

Með bréfi þann 17. apríl upplýsti MRN að 60 milljónum yrði varið til sérstakrar úthlutunar seinni helming ársins 2026. Áhersla væri lögð á starfsnám og umönnunargreinar. Auglýst var eftir umsóknum frá fræðsluaðilum og komu umsóknir frá átta fræðsluaðilum samtals að upphæð rúmar 100 milljónir. Lögð var fram tillaga sem gerir ráð fyrir að úthlutað sé 59,8 milljónum til átta fræðsluaðila.

Afgreiðsla: Tillagan var samþykkt. Sjá mynd aftast í fundargerðinni.

3. Erindi frá Símennt v. akstur (fskj. 03 Erindi frá Símennt)

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

4. Endurskoðun skilmála og úthlutunarreglna

Forsendur reiknilíkans - (sbr. skilmála - kynning)

Skilgreining á markhópi / Úrelding náms

Úthlutunarreglur

Verðlisti vottaðra námskráa / Reiknilíkan

Uppgjörsreglur

Fram kom á fundinum að þátttakendagjöld pyki há, sérstaklega í lengri námskrám. Fram kom hjá einum stjórnarmanni að hugmyndafræðin þegar reiknilíkanið fyrir kennslu var gert á sínum tíma, væri að framlag Fræðslusjóðs næmi 85% af kennslukostnaði og þátttakendagjöld væru 15% sem einstaklingurinn gæti sótt um styrk til starfsmenntasjóðanna.

FA var falið að kalla eftir upplýsingum frá starfsmenntasjóðunum um réttindi félagsfólks þegar kemur að styrkjamöguleikum til fræðslu.

Framhald umræðu og hópavinnu frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

a. Rafrænt umsýslukerfi fyrir raunfærnimat

Árin 2018 og 2020 fékk lðan-fræðslusetur tvo þróunarstyrki úr Fræðslusjóði, báðir til þróunar á rafrænu raunfærnimati. Þar sem ekki tókst að ljúka verkefninu hefur styrkþegi hætt við verkefnið og fallið frá kröfu um eftirstöðvar þess, samtals 2.250.000.

Maj Britt lagði fram tillögu um að Fræðslusjóður veiti þessari upphæð til verkefnisins Rafrænt umsýslukerfi um raunfærnimat, sem Fræðslumiðstöðin hefur unnið að fjármögnun, ásamt starfsmenntasjóðunum. Samhliða spurði Maj Britt út í fyrri framkvæmd og hvort stjórnin teldi heimilt að endurúthluta fjárhæðinni til samskonar verkefnis.

Fram kom á fundinum að Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur hafnað að styrkja þetta verkefni og var farið yfir svarbréf þess efnis á fundinum

Afgreiðsla: Samþykkt að eftirstöðvar þróunarstyrkjanna að upphæð 2.250.000 verði veitt til verkefnisins, með fyrirvara um að fullnaðar fjármögnun náist. Skilmálar og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs heimila slíka afgreiðslu sbr. bls. 12 „*Hlutverk þróunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar undir stjórn Fræðslusjóðs og er stjórninni heimilt að ráðstafa fjármagni til sérstakra verkefna án auglýsingar í því skyni að efla þróun málaflokksins samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu. Stjórn Fræðslusjóðs ákveður fjárhæð til úthlutunar samkvæmt neðangreindum reglum á hverju ári.*”

Varaformaður óskaði eftir því að þessi samþykkt stjórnar um úthlutun til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins væri tekin með þeim fyrirvara að hún stæðist lög og reglur Fræðslusjóðs sem opinbers sjóðs.

b. Næsti fundur

Næsti fundur verður staðfundur. Fundarstaður verður ákveðinn þegar nær dregur. Verður fundurinn einnig vinnustaðaheimsókn líkt og hefð hefur skapast fyrir sem fyrsti haustfundur.

Samþykkt úthlutun viðbótarfjármagns. Samþykkt af stjórn Fræðslusjóðs 2. júní 2026				
Til úthlutunar eru 60.000.000				
Umsækjandi	Námskrá / Námsleið sem sótt er um	Verð pr. námsleið	Úthlutun	
			Fjöldi hópa	Upphæð
Farskólinn Norðurlandi Vestra	Matur frá hugmynd til framleiðslu, án tungumálastuðnings	3,640,000	1	3,640,000
		Samtals		3,640,000
Þekkingarnet Þingeyinga	Samskipti á hjúkrunarheimilum - með tungumálastuðningi	2,826,000	1	2,826,000
Þekkingarnet Þingeyinga	Tæknilæsi og tölvufærni, án tungumálastuðnings	1,448,000	1	1,448,000
		Samtals		4,274,000
MSS	Aðhlygning aldraða - án tungumálastuðnings	2,240,000	1	2,240,000
MSS	Heimilisstörf á hjúkrunarheimilum - án tungumálastuðnings	1,516,000	1	1,516,000
MSS	Samskipti á hjúkrunarheimilum - með tungumálastuðningi	2,826,000	1	2,826,000
MSS	Leikskólastarf - án tungumálastuðnings	3,640,000	1	3,640,000
MSS	Tæknilæsi og tölvufærni - án tungumálastuðnings	1,448,000	3	4,344,000
		Samtals		14,566,000
SÍMEY	Skóla- og frístundastarf með tungumálastuðningi	4,673,000	1	4,673,000
SÍMEY	Tæknilæsi og tölvufærni með tungumálastuðningi	2,033,000	1	2,033,000
SÍMEY	Tæknilæsi og tölvufærni án tungumálastuðnings	1,448,000	1	1,448,000
		Samtals		8,154,000
Suðurland	1. Samskipti á hjúkrunarheimilum með tungumálastuðningi	2,826,000	1	2,826,000
Suðurland	2. Tæknilæsi og tölvufærni - án tungumálastuðnings	1,448,000	1	1,448,000
Suðurland	3. Aðhlygning aldraða - án tungumálastuðnings	2,240,000	1	2,240,000
		Samtals		6,514,000
Vesturland	Aðhlygning aldraða - án tungumálastuðnings	2,240,000	1	2,240,000
		Samtals		2,240,000
Mímir	Leikskólastarf með tungumálastuðningi	4,673,000	1	4,673,000
Mímir	Skóla- og frístundastarf með tungumálastuðningi	4,673,000	1	4,673,000
Mímir	Ferðaþjónusta I með tungumálastuðningi	2,137,000	1	2,137,000
Mímir	Ferðaþjónusta II með tungumálastuðningi	1,758,000	1	1,758,000
Mímir	Heimilisstörf á hjúkrunarheimilum - án tungumálastuðnings	1,516,000	1	1,516,000
Mímir	Samskipti á hjúkrunarheimilum - með tungumálastuðningi	2,826,000	1	2,826,000
		Samtals		17,583,000
Framvegis	Samskipti á hjúkrunarheimilum - með tungumálastuðningi	2,826,000	1	2,826,000
		Samtals		2,826,000
		Til úthlutunar		60,000,000
		Alls		59,797,000
		Eftirstöðvar		203,000